



„Það má segja að það þyrfti að nútímavæða tónmenntina“

Könnun á viðhorfi nemenda í 10. bekk til tónmenntakennslu

Kristján Alexander Friðriksson

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs

Kennaradeild



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

**„Það má segja að það þyrfti að nútímavæða
tónmenntina“**

Könnun á viðhorfi nemenda í 10. bekk til tónmenntakennslu

Kristján Alexander Friðriksson

Lokaverkefni til B.Ed-prófs í Grunnskólakennarafræði

Leiðbeinandi: Helga Rut Guðmundsdóttir

Kennaradeild
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Janúar 2018

„Það má segja að það þyrfti að nútímavæða tónmenntina“

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed-prófs
í Grunnskólakennarafræði við Kennaradeild,
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Kristján Alexander Friðriksson 2018

Óheimilt er að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi
höfundar.

Reykjavík

Ágrip

Ritgerð þessi fjallar um viðhorf nemenda í 10. bekk á tónmenntakennslu á unglingastigi.

Eiginleg rannsókn var framkvæmd í grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu í maí 2017.

Ritgerðin byggir á viðtali sem var tekið við 8 nemendum, 4 drengi og 4 stúlkur.

Nemendurnir voru ýmist búnir að vera í tónlistarnámi innan skólans eða utan og í mismunandi tónmenntakennslu á yngri árum.

Meginmarkmið rannsóknarinnar var að komast að því hvernig viðhorf nemenda, sem eru að ljúka skólagöngu sinni, væri gagnvart tónmenntakennslu. Þá var kannað hvort þeim fyndist að tónmennt ætti að vera val, skylda eða hvort hún væri jafnvel óþarfi. Einnig voru þau spurð hvað þeim fyndist skemmtilegast í tónmennt og hvað þeim fyndist þau læra mest af. Loks var kannað hvort eitthvað kæmi fram í viðhorfi þeirra sem gæfi tilefni til breytinga á tónmennt sem námsgrein á þeirra aldurstigi.

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar voru nemendur almennt sammála um að tónmennt ætti að vera skyldufag á efsta stigi grunnskólans. Þá fannst þeim skemmtilegast að skapa sína eigin tónlist, en þeim fannst þau læra mest á því að skapa. Einnig kom í ljós að nemendum fannst þeir læra mikið um gamla tónlist en nánast ekkert um nútímatónlist.

Niðurstöður sýna að viðhorf nemenda í garð tónmenntakennslu er jákvætt. Nemendur töldu þó hægt að gera hana enn betri og komu með tillögur þess efnis.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Formáli	5
1 Kafli – inngangur	6
2 Kafli – Rannsóknin	12
2.1 Undirbúningur og framkvæmd rannsóknarinnar	12
2.2 Viðmælendur	12
2.3 Útbúnaður	12
2.4 Úrvinnsla gagna	13
2.5 Spurningalisti	13
3 Kafli - Niðurstöður	16
4 Umræður	22
5 Samantekt	25
Heimildaskrá	26

Formáli

Frá grunnskólaaldri hef ég haft brennandi áhuga á tónlist og sótti alltaf í þá valáfanga sem tengdust henni. Sá áhugi hefur ekki dvínað með árunum heldur þvert á móti vakið löngun mína í að kenna tónmennt. Í mínum grunnskóla var alltaf eitthvað í boði fyrir mig og aðra sem vildu fá að prófa sig áfram í tónlist og hefur það verið mótandi áhrifavaldur á mína ákvörðun að fræðast um tónmenntakennslu.

Það er þó ekki nóg að hafa brennandi áhuga á tónlist til að vera góður í þessu fagi, heldur þarf maður einnig að tileinka sér góð vinnubrögð sem kennari. Námið sem ég hef sótt síðustu þrjú ár hefur veitt mér góða innsýn í það.

Þetta lokaverkefni hefur verið góður vettvangur til þess að kynna mér tónmenntakennslu í grunnskóla enn frekar og hefur jafnvel aukið áhuga minn á tónlist og tónmenntakennslu.

Ég vil þakka Flosa Einarssyni fyrir þann innblástur sem varð til þess að ég fór í þetta nám til að byrja með og fjölskyldu minni fyrir stuðninginn í gegnum námið.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirrituðum. Ég hef kynnt mér *Síðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálfur ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, 16. janúar 2018

Kristján A. Friðriksson

1. Kafli – inngangur

Í gegnum tíðina hafa fræðimenn og kennarar sett fram mismunandi hugmyndir um það hvernig best sé að háttá tónmenntakennslu í grunnskólum. Þegar kemur að tónmennt á unglíngastigi í grunnskólum landsins virðast hugmyndirnar vera enn ólíkari. Í mörgum skólum er tónmennt valáfangi á unglíngastigi og í sumum er hún jafnvel talin óþörf á efsta stigi. Tónmenntin er með öðrum orðum byggð á hugmyndum kennara og skólastjórnenda um allt land eftir eigin hentisemi. Það mætti þó byggja þessar ákvarðanir meira á skoðunum nemenda grunnskólanna. Með þetta í huga vil ég varpa fram spurningunni: „Hvert er álit ungmenna á tónmenntakennslu á efsta stigi grunnskólans?“

Til þess að svara spurningunni fór fram rannsókn þar sem tekið var viðtal við 8 nemendur í 10. bekk tiltekins skóla á höfuðborgarsvæðinu. Í þessum skóla er tónmennt skyldufag frá 1. til 10. bekk og var hann valinn til að freista þess að fá álit nemenda sem líklegast er að hafi hvað mesta reynslu af þessari námsgrein. Með því gætu þeir varpað ljósi á hvað er verið að gera rétt í tónmenntakennslu á efsta stigi grunnskólans og jafnvel komið með hugmyndir að bættri tónmenntakennslu á efsta stigi grunnskólans. Einnig var spurt út í mikilvægi tónmenntakennslu á unglíngastigi með því að athuga hvort nemendur teldu tónmenntakennslu á þeirra aldurstigi vera óþarfa, ætti að vera val hvers og eins eða skyldufag.

Það má færa rök fyrir því að ekki eru miklar kröfur gerðar í aðalnámskrá til tónmenntakennslu á efsta stigi grunnskólans. Þetta gerir það að verkum að tónmenntakennsla á efsta stigi er kennd á mismunandi vegu í íslenskum skólum og stundum er tónmenntin ekki einu sinni til staðar. Það má líta svo á að þetta sé jákvætt, þar sem þetta gefur tónmenntakennurum faglegt frelsi til þess að kenna tónmennt á sinn hátt. Hins vegar má einnig færa rök fyrir því að þessi skortur á kröfum gerir það að verkum að það liggur í lausu lofti nákvæmlega hvað eigi að kenna unglíngum í tónmenntatímum.

Tilgangurinn með þessari rannsókn er að taka tónmenntakennslu á efsta stigi grunnskólans til umræðu. Rannsóknin á að einhverju leyti að sýna fram á hvað virkar vel í tónmenntakennslu á unglíngastigi, hvað virkar verr, hvað þarf að laga og jafnvel hvort það sé eitthvað sem hreinlega vantar í tónmenntakennslu á efsta stigi. Þessir þættir verða teknir til umræðu út frá því hvað kemur fram í viðtali við nemendur. Einnig verður að hafa

í huga að sumir kennsluhættir virka vel fyrir suma nemendur en ekki aðra. Þá má skoða hvort hægt sé að hafa tónmenntakennslu einstaklingsmiðaðri, bæði á yngra og eldra stigi.

Álfheiður Þórhallsdóttir telur í ritgerð sinni að hlutverk uppalandans sé að „miðla eiginleika tónlistar áleiðis til barna með það að markmiði að börn fái sem breiðastan skilning á tónlist og myndi eigin skoðanir á hvernig þau nálgist hana“ (Álfheiður Þórhallsdóttir, 2007). Til þess að kalla eftir þessum skoðunum barnanna getur verið fróðlegt að spyrja nemendur sem hafa gengið í gegnum tónmenntakennslu um sitt álit á námsgreininni.

Fyrri rannsókn eftir Ástu Björg Björgvinsdóttur og Katrínu Pálsdóttur, sem byggðist á viðtölum við nemendur í 6. bekk, sýndi fram á að nemendur eru með almennt jákvætt viðhorf gagnvart sinni tónmenntakennslu svo lengi sem þau fá frelsi til athafna (Ásta Björg Björgvinsdóttir og Katrín Pálsdóttir, 2009). Það má velta fyrir sér hvort þessi rannsókn mun að einhverju leyti endurspeglar það sem kom fram í þeirri rannsókn, eða hvort eitthvað annað viðhorf komi fram í þessari rannsókn.

Önnur rannsókn eftir Flosa Einarsson tók fyrir tónlistarvalið á Akranesi sem var samstarfsverkefni milli grunnskólanna tveggja á Akranesi og tónlistarskólans á Akranesi. Þá voru kannaðir kostir og gallar valáfangans, sem boðið var upp á fyrir unglunga á Akranesi, með því að taka viðtöl við nemendurna. Viðmælendur töldu tónlistarvalið henta vel fyrir þá sem voru að byrja í tónlistarnámi og ekki síst fyrir unglunga (Flosi Einarsson, 2015). Einnig kom fram að nemendur kunnu að meta aukin tækifæri til samspils og sköpunar í tónlistarnámi sínu (Flosi Einarsson, 2015). Það má færa rök fyrir því að mikilvægi sköpunar í tónlistarnámi endurspeglar í rannsókn Ástu Bjargar og Katrínar, þar sem nemendur þar lýstu jákvæðu viðhorfi til þess að fá frelsi til athafna í sinni tónmenntakennslu, þar sem sköpunin felur í sér ákveðið frelsi þá mætti jafnvel búast við að rannsóknin sem ég framkvæmi mun koma til með að ítreka mikilvægi sköpunar í tónmenntakennslu ef niðurstöðurnar verða að einhverju leyti líkar niðurstöðum Flosa annars vegar og Ástu og Katrínar hins vegar.

Í Bandaríkjunum árið 1998 var rannsakað viðhorf nemenda á leikskólaaldri allt upp í fimmta bekk til hinna ýmsu athafna í tónmenntatímum. Nemendum á öllum aldurstigum fannst skemmtilegast, umfram allar aðrar athafnir innan kennslunnar, að spila á hljóðfæri.

Helmingur nemenda sögðu það að spila á hljóðfæri vera uppáhaldsathöfn þeirra. Þetta bendir til, eins og einnig kom fram í rannsókn Flosa og rannsókn Ástu og Katrínar, að nemendur vilja helst fá tækifæri til þess að skapa í tónmenntatímum (Bowles, 1998).

Í Kína fór fram rannsókn á viðhorfi 12-17 ára nemenda til aukinnar fræðslu um vinsæla tónlist í tónmenntakennslu, þar sem vinsæl erlend og vestræn tónlist var orðin meira áberandi í Kína heldur en áður fyrr. Í ljós kom að nemendur vildu frekar læra um vinsæla tónlist heldur en hefðbundna kínverska tónlist, en þau vildu þó ekki útiloka lærdóm um hið síðarnefnda. Ástæða þess að nemendur vildu frekar læra um vinsæla tónlist var sú að þau vildu læra uppáhaldslögin sín, ásamt því að öðlast tónlistarlega þekkingu og þekkja einkenni tónlistarinnar sem þau hlusta á (Ho, 2017). Það má velta fyrir sér hvort svipaðar skoðanir munu koma fram þegar talað verður við eldri nemendur í grunnskóla hér á landi.

Rannsókn, framkvæmd í Bandaríkjunum af John W. Scheib, sem bar heitið „Lindy's Story: One Student's Experience in Middle School Band“ byggðist á viðtali við einn nemanda sem var í svokallaðri skólahljómsveit í sínum skóla. Sú rannsókn virtist sýna fram á að nemandinn upplifði mikla samkeppni í tónlistartengdu námi sínu í skólanum en markmið nemandans var einmitt að vera í samkeppni við samnemendur sína, vera betri nemandi í augum kennarans og ná góðri einkunn í tónlistartímum sínum (Scheib, 2006). Gagnrýnt var í rannsókninni að námið skyldi veita nemandanum þessa upplifun og var lögð áhersla á að námið ætti fyrst og fremst að gefa nemandanum tækifæri til að tjá sig á listrænan hátt (Scheib, 2006). Það má velta fyrir sér hvort viðhorf nemandans í umræddri rannsókn gæti mögulega endurspeglast að einhverju leyti í viðtölum við nemendur á Íslandi. Sú gagnrýni að námið eigi að veita nemandanum tækifæri til að tjá sig á listrænan hátt endurspeglast hins vegar í rannsóknnum þeirra Flosa, Ástu og Katrínar og virðast menn sammála þessari nálgun í kennslunni.

Önnur rannsókn, sem fór fram í Bandaríkjunum, byggðist á viðtölum við 3 nemendur í kór. Var rannsakað viðhorf þeirra gagnvart einu tilteknu söngverki. Rannsóknin leiddi í ljós að nemendurnir fluttu verkið bæði með meiri nákvæmni og skildu verkið betur þegar þau tengdust því á persónulegan eða tilfinningalegan hátt (Silvey, 2005). Út frá þessu má velta fyrir sér hvort persónuleg tenging nemanda við tónlist hafi almennt jákvæð áhrif á viðhorf nemenda gagnvart tónmenntakennslu.

Taka má dæmi um rannsóknir sem benda til neikvæðra viðhorfa frá nemendum í tónmenntakennslu. Í rannsókn sem var gerð á Kýpur var skoðað viðhorf 12-18 ára nemenda til tónmenntakennslu. Viðhorf þeirra var almennt neikvætt til tónmenntakennslu í skólanum, en var þó jákvæðari gagnvart einkakennslu í tónlist. Einnig virtust ákveðnar breytur gera það líklegra að einhver væri með jákvætt viðhorf gagnvart tónmenntakennslu. Þær breytur voru einstaklingar með meiri reynslu í tónlist, kvenfólk, eldri nemendur og nemendur á Larnaca landsvæðinu, og þau voru með almennt jákvæðara viðhorf gagnvart tónmenntakennslu (Teklos, 2011). Þá má spyrja sig, þar sem þessi rannsókn sýnir fram á viðhorf unglunga á Kýpur gagnvart tónmenntakennslu, hvort unglingar hérlendis gæti mögulega átt einhverja samleið með unglíngunum á Kýpur og fundist námsgreinin almennt leiðinleg.

Rannsakað var viðhorf grunnskólanemenda til svokallaðrar POMC kennslu í tónmennt (e. Process Oriented Music Curriculum) í Bandaríkjunum árið 1985. Kennslan lýsir sér þannig að nemandinn tekur að sér hlutverk tónskálds, flytjanda, hljómsveitarstjóra, gagnrýnings hlustanda og tónlistarrannsakenda. Með því að taka að sér þessi hlutverk var ætlast til þess að þau myndu semja, spinna, stjórna, flytja, hlusta á, meta og ræða tónlist í tónmenntatímum sínum. Þá var viðhorf þeirra kannað með tilliti til ákveðnar breytur. Þær breytur voru kyn, árgangur, efnahagsleg staða og tónlistarleg hæfni. Í ljós kom að þessar breytur virtust ekki ráða því hvers konar viðhorf nemendur höfðu gagnvart POMC í tónmennt. Hins vegar kom fram að nemendur voru almennt jákvæðastir gagnvart athöfnum sem innihéldu það að þau spiluðu sjálf á hljóðfæri (Pogonowski, 1985). Þetta átti þá bæði við samningu og flutning tónlistarsem ýtir aftur undir þá hugmynd að nemendum finnst best að fá að skapa í sinni tónmenntakennslu eins og áður hefur komið fram hér að framan.

Tónmenntakennsla á unglíngastigi í dag er misjöfn eftir skóla. Í fæstum tilvikum er hún skylda fyrir nemendur á efsta stigi grunnskólans. Oftast er það valáfangi, en stundum er jafnvel ekki einu sinni boðið upp á hana. Þessari rannsókn er ætlað að leiða í ljós hvað af þessum leiðum væri æskilegast að velja. Verður tekið viðtal við nemendur sem eru í skóla

þar sem tónmennt er skylda á efsta stigi. Einnig virðist tónmenntin hvergi vera kennd á sama hátt í skólum landsins þegar kemur að tónmenntakennslu á unglingastigi.

Í grein Helgu Rutar Guðmundsdóttur, „Útbreiðsla tónmenntakennslu, aðstæður og viðhorf: Viðtöl við skólastjóra og tónmenntakennara í íslenskum grunnskólum“ kom fram að „af þeim 159 skólum þar sem viðtöl náðust við skólastjóra voru 125 með tónmenntakennslu og 34 án tónmenntakennslu“ (Helga Rut Guðmundsdóttir, 2008). Einnig kom fram að „algengast var að tónmennt væri kennd í yngstu árgöngum grunnskólans, eða í 1.–4. bekk, en frá og með 5. bekk dregur úr tónmenntakennslu með hverjum árgangi“ (Helga Rut Guðmundsdóttir, 2008). Út frá þessu má álykta að það vanti upp á tónmenntina á efsta stigi grunnskólans í mörgum skólum. Einnig skal hafa í huga að þótt einhver tiltekinn skóli bjóði upp á tónmenntakennslu, þá sé ekki víst að það sé í boði fyrir nemendur á efsta stigi grunnskólans.

Í grein eftir Þórunni Björnsdóttur sem birtist í Morgunblaðinu árið 2001, kemur fram að tónmennt gæti mögulega verið úthýst úr grunnskólum landsins (Þórunn Björnsdóttir, 2001). Þórunn greinir frá mikilvægi tónmenntakennslu, en á sama tíma segir hún mikilvægi tónmenntakennslu vera vanmetna af yfirvöldum í ljósi kjarasamninga sem voru að nást á þeim tíma. Hún greinir líka frá því að 50% nemenda í íslenskum skólum fá ekki lögbundna tónmenntakennslu samkvæmt aðalnámskrá (Þórunn Björnsdóttir, 2001). Með því að fá að heyra frá nemendum sem hafa sótt skyldubundna tónmenntakennslu í grunnskóla allt að 10. bekk, gætum við mögulega fengið einhverja hugmynd um hvers konar þróun sé æskileg þegar kemur að því að koma tónmenntakennslu inn í skóla landsins.

Í Aðalnámskrá grunnskóla kemur eftirfarandi fram í greininni um tónmennt:

„Tónlist er snar þáttur í lífi og starfi manna hvar sem er í heiminum. Hún er leið til sköpunar og tjáskipta, oft án orða, sem einstaklingar fara til að tjá tilfinningar sínar, skoðanir og gildi. Í tónlistariðkun felst hlustun, sköpun og

flutningur. Hún er ferli þar sem einstaklingar skapa merkingu með því að bregðast við og vinna úr tónum, hljóðum og þögn, einir eða í samstarfi. Tónlistariðkun krefst líkamlegrar samhæfingar, greinandi hugsunar og tilfinningatengsla. Þá hefur tónlistariðkun sterka félagslega tilvísun enda verið notuð í gegnum tíðina sem afl til sameiningar eða aðgreiningar fólks.“ (Aðalnámskrá, 2013)

Þarna kemur fram strax að tónlist sé snar þáttur í lífi og starfi manna hvar sem er í heiminum, og það má færa rök fyrir því að þetta undirstrikar mikilvægi tónmenntakennslu í grunnskóla og þá ekki síst á unglíngastigi. Einnig undirstrikar þessi málsgrein sköpunargildi tónmenntakennslu, sem endurspeglar það sem hefur komið fram í fyrri rannsóknum um það að tónmenntakennsla veiti nemendum tækifæri til að skapa (Aðalnámskrá, 2013).

Einnig kemur fram að „tónlistarkennsla í grunnskóla á að efla næmi nemenda og þekkingu á frumþáttumtónlistar; tónhæð, tónlengd, blæ, styrk, hljómunum, túlkun og formi, til þess að þeir geti myndað sér skoðun á ólíkum stíl tónlistar, geti gert sér grein fyrir gildi hennar í eigin menningu og lífi og notið hennar á uppbyggilegan, markvissan og persónulegan hátt.“ (Aðalnámskrá, 2013)

Þarna kemur skýrt fram hver tilgangur tónmenntakennslu í grunnskóla á að vera. Þó má færa rök fyrir því að það sé ekki hægt að uppfylla þessar kröfur fyrir hvern einasta nemanda sem útskrifast úr grunnskóla, sérstaklega í þeim skólum þar sem tónmennt er val, eða ekki einu sinni í boði. Hins vegar má líta svo á út frá þessum skrifum að tónmennt ætti í raun að vera skyldufag á unglíngastigi. Það kemur hvergi fram í námskránni hvort tónmennt eigi að vera val eða ekki en þessar kröfur ásamt hæfniviðmiðum í tónmennt eru sett mjög skýrt fram. Þá eru hæfniviðmið til staðar fyrir lok 10. bekkjar og námskráin ætlast til þess að skólarnir hjálpi nemendum sínum að uppfylla þau.

2. Kafli – Rannsóknin

2.1 Undirbúningur og framkvæmd rannsóknarinnar

Þegar undirbúningur að rannsókninni hófst var fyrst útbúinn spurningalisti fyrir viðtölin sem áttu að eiga sér stað. Þessi undirbúningur fór fram í maí 2017. Þegar spurningalistinn var tilbúinn var haft samband við skóla á höfuðborgarsvæðinu þar sem tónmennt er skyldufag á efsta stigi. Beðið var um leyfi hjá tónmenntakennara til að taka viðtal við 8 nemendur í 10. bekk 4 stúlkur og 4 stráka til þess að hafa kynjahlutfallið jafnt. Það var samþykkt og áttu viðtölin sér stað í lok maí 2017.

2.2 Viðmælendur

Viðmælendur voru 4 strákar og 4 stelpur valin af tónmenntakennaranum í umræddum skóla. Tekið var hópaviðtal við þau öll í einu. Þegar talað verður um viðmælendur verður notað dulnefni sem eru eftirfarandi: Ingunn, María, Ólafur, Elísabet, Elías, Þorsteinn, Selma og Jónatan.

Áður en viðtalið átti sér stað var hver og einn nemandi spurður hvort hann hefði sótt tónlistarnám utan skóla. María, Elísabet, Elías og Þorsteinn höfðu öll verið í tónlistarnámi utan skólans. Það þýðir að helmingur aðspurðra hefur sótt tónlistarnáms utan skóla, 2 drengir og 2 stúlkur.

2.3 Útbúnaður

Viðtalið sjálft var tekið upp með upptökuforriti fyrir síma. Einnig skráði spyrillinn hjá sér svör og viðbrögð viðmælenda jafnóðum á blað. Þetta var gert til þess að vera með svör viðmælenda til staðar ef eitthvað skyldi fara úrskeiðis með upptökutækið, ásamt því að koma því til skila þegar um líkamstjáningu var að ræða.

2.4 Úrvinnsla gagna

Tekið var fram þegar hópurinn sammældist gagnvart einhverjum ákveðnum spurningum. Það var þá tekið til umræðu af hverju hópurinn sammældist gagnhvart þessum spurningum.

Farið var yfir þegar skiptar skoðanir áttu sér stað en þá voru þær skoðanir settar upp í töflu með tilliti til kyns og hverjir höfðu verið í tónlistarnámi utan skóla. Þá var tekið til umræðu hvað gæti orsakað það að nemendur væru ósammála.

Loks voru teknar saman athugasemdir nemenda um hvað mætti fara betur, bæta við og gera öðruvísi í þeirra tónmenntakennslu. Þarna er verið að fást við eigindlegar niðurstöður frekar en megindlegar og þá skoðað hvernig hægt sé að bæta tónmenntakennslu á unglingastigi út frá athugasemdum nemendanna.

2.5 Spurningalisti

Tafla 1. Spurningalisti sem var lagður fyrir nemendur

1. Finnst ykkur að tónmennt ætti að vera val eða skyldufag á ykkar aldurstigi? Hvers vegna/Hvers vegna ekki?
2. Hvað gerið þið í ykkar tónmenntatímum?
3. Hvað finnst ykkur skemmtilegast?
4. Hvað finnst ykkur þið læra mest af?
5. Voruð þið í tónmennt þegar þið voruð yngri?
6. Hvernig er tónmennt á unglingastigi frábrugðin tónmennt þegar þið voruð yngri?
7. Er eitthvað sem þið mynduð vilja bæta við í ykkar tónmenntakennslu?
8. Er eitthvað sem þið teljið vera óþarfi í ykkar tónmenntakennslu?
9. Hver ætti tilgangurinn með tónmennt á unglingastigi að vera að ykkar mati?
10. Ef þið mættuð skipuleggja öðruvísi tíma í tónmennt en þið eruð vön, hvernig mynduð þið gera það?

Tilgangur með spurningu 1 var fyrst og fremst að fá að vita sjónarmið nemenda um hvort tónmennt ætti að vera val eða skylda á þeirra aldurstigi. Þar sem þeir hafa upplifað tónmennt sem skyldufag og eru einnig að fara að útskrifast fljótlega er hægt að færa rök fyrir því að þeir séu mjög færir um að gefa gild svör við þessari spurningu.

Tilgangurinn með spurningu 2 var að fá að vita nákvæmlega hvað gert er í þeirra tónmenntatímum. Þá er hægt að bera það saman við hvað námskráin biður um í tónmenntakennslu og hvað fræðimenn segja hvernig eigi að hátta tónmenntakennslu.

Tilgangurinn með spurningu 3 var að fá fram hvað nemendum fannst skemmtilegast í tónmennt og þannig fá vonandi svar við því hvað eigi að halda áfram að gera í tónmenntakennslu á unglingastigi þegar hún er skipulögð. Þá ætti að fást innsýn í jákvæða upplifun þeirra af tónmenntakennslu í gegnum skólagöngu þeirra.

Tilgangurinn með spurningu 4 var svipaður og í spurningu 3, en þessi spurning átti meira að sýna fram á hvað væri að skila mestum námslegum árangri í tónmenntakennslu þeirra.

Tilgangurinn með spurningu 5 og 6 var að fá að vita hvort nemendur hafi yfir höfuð verið í tónmennt þegar þeir voru yngri. Ef svo væri, þá væri hægt að fá innsýn í hvernig tónmenntatímar þeirra voru áður en þeir komu á unglingastig og þannig getað borið saman kennsluna á yngra og eldra stigi.

Tilgangurinn með spurningu 7 var að fá skoðun nemendanna um hvað væri hægt að gera betur í tónmenntakennslu á efsta stigi grunnskólans og þá jafnvel hvað væri hægt að bæta við kennsluna til þess að gera hana skemmtilegri, lærdómsríkari og árangursríkari.

Tilgangurinn með spurningu 8 var að fá vitneskju um hvort það væri eitthvað í tónmenntakennslu nemendanna sem þeir töldu vera óþarfa. Þannig væri hægt að bæta við atriðum í kennsluna eða jafnvel sleppa þeim alveg.

Tilgangurinn með spurningu 9 var að kanna hver tilgangurinn með tónmennt ætti að vera frá þeirra bæjardyrum séð en þá væri hægt að sjá hvort það endurspeglaði það sem stendur í námskránni og það sem fræðimenn hafa sagt um tónmenntakennslu.

Tilgangurinn með spurningu 10 var að fá að vita hvað hægt væri að gera öðruvísi í tónmenntakennslu að þeirra mati. Svörin við þessari spurningu gætu hugsanlega varpað

Ljósi á eitthvað sem hefur ekki verið gert hingað til í tónmenntakennslu á efsta stigi, en mætti hugsanlega bæta inn í kennsluna.

Þessi rannsókn er hugsuð þannig að hún á að varpa ljósi á viðhorf nemenda, sem hafa gengið í gegnum tónmenntakennslu á unglingsstigi, til kennslunnar sem þeir hafa fengið. Þeir eiga að geta talað um reynslu sína á gagnrýnninn hátt og umræður þeirra geta vonandi nýst að einhverju leyti í skipulagningu tónmenntakennslu á efsta stigi. Þá er vitað hvað hefur verið jákvætt, hvað eigi að halda áfram með í tónmenntakennslu og hvað megi jafnvel leggja meiri áherslu á. Það er líka hægt að líta á hvað þau hafa ekki upplifað á jákvæðan hátt og taka til umræðu hvernig er hægt að gera þessa reynslu betri fyrir nemendur í framtíðinni.

3. Kafli - Niðurstöður

Viðtalið sýndi að allir nemendurnir höfðu jákvætt viðhorf til tónmenntakennslu í grunnskólum og jákvætt viðhorf til kennslunnar sem þeir fengu. Einnig voru þeir fylgjandi því að tónmennt ætti að vera skyldufag á unglingastigi.

Fyrsta spurningin, „Finnst ykkur að tónmennt ætti að vera val eða skyldufag á ykkar aldurstigi? Hvers vegna/Hvers vegna ekki?“ hlaut jákvæð viðbrögð hjá nemendahópnum. Þar voru allir sammála um að tónmennt ætti að vera skyldufag á efsta stigi grunnskólans. Þegar þeir voru spurðir hvers vegna komu nokkur mismunandi svör.

Elías: Mér finnst mikilvægt að vera ekki alltaf í einhverju bóklegu og þess vegna væri fínt að hafa eitthvað skapandi skyldufag.

María: Það tengja allir við tónlist og þess vegna ættu allir að læra um tónlist.

Ólafur: Tónmennt er líka öðruvísi en aðrar listgreinar. Það hafa ekki allir áhuga á myndlist, textíl og þannig. Hins vegar hlusta allir á tónlist og hafa þess vegna áhuga á tónlist.

Hópurinn tók undir þessar athugasemdir Ólafs.

Önnur spurningin hljóðaði „Hvað gerið þið í ykkar tónmenntatímum?“. Nemendur sögðust mikið læra um sögu tónlistar og tónlistarstefnu. Hins vegar væri þetta að mestu leyti verklegt þar sem þeir fengju að spila og semja tónlist sjálfir. Þetta væri í boði eftir að nemendur hefðu lært um einhverja ákveðna tónlistarstefnu. Þeir lærðu þá um sögu tónlistarinnar og að því loknu fengju þeir að spila eða semja tónlist í þeim stíl.

Elísabet: Við erum mikið að læra um tónlistarsögu.

Ólafur: Samt ekki alltaf, við erum líka mikið að spila og semja okkar eigin lög.

Þorsteinn: Það er oftast þannig að við lærum fyrst um einhverja tónlistarstefnu eða eitthvað tímabil. Síðan fáum við að prófa að spila eða semja tónlist eins og við höfum verið að læra um.

Spyrill: Eru þá einhverjir sérstakir tímar sem fara í sögu og í að semja?

Þorsteinn: Neeeahh, það eru oftast svona 3 eða 4 tímar sem fara í að læra um tónlistina og kannski vinna einhver stutt verkefni um það, en síðan fáum við alltaf 4 tíma til að æfa eða semja lag.

Þriðja spurningin, „Hvað finnst ykkur skemmtilegast?“ kallaði fram sama svarið frá öllum í hópnunum. Allir voru sammála um að það skemmtilegasta sem þau gera í sínum tónmenntatímum var að fá að skapa sína eigin tónlist.

Spyrill: Hvað finnst ykkur skemmtilegast að gera í ykkar tónmenntatímum?

Elísabet: Semja!

Spyrill: En þið hin?

Elías: Ég er eiginlega bara sammála.

Ólafur: Ég líka.

Spyrill: Eruð þið kannski öll sammála því að það sé skemmtilegast að semja?

Allir svöruðu síðan játandi eða kinkuðu kolli.

Við spurning 4, „Hvað finnst ykkur þið læra mest af?“ fékkst sama svar frá öllum og við fyrri spurningunni. Öllum fannst þau læra mest af því að fá að skapa. Ólafur og Elías tóku samt fram að allt hitt sem þau gerðu í tónmennt væri að vísu mjög mikilvægt.

Elías: Það er svo gott að fá að prófa að búa til tónlist sem við höfum verið að læra um.

Þorsteinn: Maður nær svona betur að tengja við tónlistina sem maður var að læra um þegar maður prófar að semja hana.

Elías: Maður man líka betur hvernig tónlistin er þegar maður fær að semja það sjálfur.

Spurning 5, „Voruð þið í tónmennt þegar þið voruð yngri?“ sýndi fram á að ekki allir höfðu fengið kennslu í tónmennt á yngri árum. Ólafur og Selma sögðust ekki hafa fengið neina tónmenntakennslu þegar þau voru yngri.

Sjötta spurningin, „Hvernig er tónmennt á unglingsstigi frábrugðin tónmennt þegar þið voruð yngri?“ sýndi enn meira fram á hvernig upplifun nemenda hefur verið mismunandi þegar þeir voru yngri. Flestir sem höfðu verið í tónmennt á yngri árum nefndu að þeir höfðu mest verið að spila á klukkuspil þegar þeir voru yngri og þar með talinn einn nemandi sem hafði verið í sama skólanum alla sína skólagöngu. Tveir nemendur höfðu aðra reynslu en kennslu á klukkuspil.

Elías: Ég var eiginlega bara að læra á blokkflautu þegar ég var yngri.

Ingunn: Það var bara skólakór þegar ég var yngri, engin svona tónmennt.

Sjöunda spurningin, „Er eitthvað sem þið mynduð vilja bæta við í ykkar tónmenntakennslu?“ vakti skiptar skoðanir í hópnum.

Þorsteinn: Mér finnst hún bara vera fín eins og er sko.

Ólafur: Meira hip hop! (flissar)

Ingunn: Það mætti kenna meira um nútímatónlist. Það má hafa allavega eina stefnu af nútímatónlist sem við lærum síðan um.

Elísabet: Ég væri til í að fá meiri kennslu í að semja tónlist á hljóðfæri, þá bara einhverja svona grunnkennslu á gítar eða píanó eða eitthvað.

Ólafur: Er það samt ekki óþarfi? Maður getur náttúrulega gert þetta allt bara í tölvu sko. Þú finnur bara beat, hljómagang og laglínu í tölvunni og þá ertu bara komin með lag.

Elísabet: Já, en ég vil líka læra eitthvað á alvöru hljóðfæri.

Þegar spurning 8 var vörpuð fram, „Er eitthvað sem þið teljið vera óþarfi í ykkar tónmenntarkennslu?“ komu mismunandi svör fram.

Elísabet: Próf!

Ólafur: Nei, er það?

Þorsteinn: Mér finnst allt í lagi að vera í þessum prófum sko.

Ingunn: Já, maður nær svona að sjá hvað maður er búinn að læra yfir veturinn.

Út frá þessu ákvað ég að spyrja hópinn hvort hann vildi hafa prófin áfram eða ekki. Þá kom í ljós að flestum í hópnum fannst allt í lagi að taka próf í tónmennt og var í raun alveg sama, þ.e. hlutlausir. Taka má fram að Elísabet, María og Jónatan vildu sleppa prófum en Ólafur og Ingunn voru fylgjandi því hafa prófin áfram. Restin af hópnum eða hinir 3 voru hlutlausir gagnvart próftöku. Út frá þessu ákvað ég að spyrja hvernig prófum væri háttað.

Þorsteinn: Prófin eru þannig að við eru látin hlusta á spotify playlista af lögum og síðan svörum spurningum um lögin. Þetta gæti þá verið um stefnu, höfund eða frá hvaða tímabili lagið er.

Þegar ég spurði hópinn spurningu 9, „Hver ætti tilgangurinn með tónmennt á unglingsstigi að vera að ykkar mati?“ svöruðu nemendur eftirfarandi:

Elísabet: Að opna heim tónlistar!

Ólafur: Já, það á að kynna nemendum fyrir tónlist. Ég hafði einmitt engan sérstakan áhuga á tónlist fyrr en ég byrjaði í tónmennt hérna.

Við 10. spurningunni, „Ef þið mættuð skipuleggja öðruvísi tíma í tónmennt en þið eruð vön, hvernig mynduð þið gera það?“ var Þorsteinn fljótur að segja að hann vildi fá fleiri tíma í tónmennt.

Þorsteinn: Eins og er fáum við bara eina 45 mínútna kennslustund á viku og að ég væri til í að fá að lágmarki eina kennslustund í viðbót. (Allir í hópnum tóku undir þetta.)

María: Við lærum eiginlega bara um gamla tónlist, sem er alveg allt í lagi og allt það, en mér finnst að það mætti kenna okkur um tónlistina sem er í gangi í dag. Við hlustum eiginlega öll á nýja tónlist en við lærum samt eiginlega ekkert um tónlistina sem við hlustum á.

Elías: Það má segja að það þyrfti að nútímavæða tónmenntina.

(Allir kinkuðu kolli þegar hann sagði þetta.)

4. Umræður

Það var áhugavert að fá að heyra frá nemendum hvað þeim fannst um tónmenntakennslu þeirra. Það var upplýsandi að fá sjónarhorn þeirra sem höfðu nýgengið í gegnum þessa kennslu.

Niðurstöður viðtalsins við nemendur voru þær að þeir voru allir sammála um að tónmennt ætti að vera skyldufag á unglingastigi og höfðu jákvætt viðhorf til tónmenntakennslu. Þetta sýnir fram á annan veruleika en í rannsóknum Ástu Bjargar og Katrínar, þar sem þónokkrir nemendur höfðu neikvætt viðhorf gagnvart tónmenntakennslu (Ásta Björg Björgvinsdóttir og Katrín Pálsdóttir, 2009). Þessar niðurstöður gætu sýnt fram á að jákvæðni gagnvart tónmenntakennslu sé líklegri þeim mun meiri sem nemandinn eldist. Með þetta í huga hefði verið hægt að sýna betur fram á það hefði spyrillinn ákveðið að spyrja út í hver viðhorf nemendanna hefðu verið til tónmenntar þegar þeir voru yngri. Einnig gætu þessar niðurstöður sýnt fram á að nemendum finnist jákvætt að tónmennt sé skyldufag á þeirra aldurstigi af því að þau fá að upplifa öflugna tónmenntakennslu sem skyldu á efsta stigi grunnskólans. Þó höfðu nemendurnir skoðanir á því sem mætti breyta og stundum voru þeir jafnvel ekki sammála.

Þá kom í ljós að þeim fannst öllum skemmtilegast að skapa sín eigin lög í tónmenntatímum, sem endurspeglar það sem komið hefur fram í rannsóknum Ástu Bjargar og Katrínar um að viðhorfin voru almennt jákvæð svo lengi sem nemendur fengu frelsi til athafna (Ásta Björg Björgvinsdóttir og Katrín Pálsdóttir, 2009). Einnig endurspeglast þetta í rannsóknum Flosa Einarssonar, þar sem nemendur kunnu að meta aukin tækifæri til sköpunar í tónlist (Flosi Einarsson, 2015).

Það að nemendum fannst skemmtilegast að semja lög sjálf, ásamt því að taka fram að þau vildu hafa það sem skyldufag vegna þess að „það væri fínt að hafa eitthvað skapandi skyldufag“ sýnir jafnvel fram á mikilvægi þess að nemendur fá að skapa og þá skapa eitthvað í tengslum við það sem þau hafa áhuga á. Eins og Ólafur nefndi, þá „hlusta allir á tónlist og hafa þess vegna áhuga á tónlist“.

Stundum voru þó skiptar skoðanir í hópnum, sérstaklega þegar kom að próftöku Þá voru 3 nemendur á móti prófum, 2 fylgjandi og 3 sem sögðust vera hlutlausir. Það má velta fyrir

sér hvort það ætti yfir höfuð að þreyta próf í tónmennt eða hvort það væri hægt að háttá prófum öðruvísi þar sem svona lítill hluti viðmælenda sé fylgjandi próftöku.

Jafnt var milli kynja þegar spurt hvort þau væru fylgjandi prófum. Hins vegar voru fleiri drengir hlutlausir og fleiri stúlkur á móti. Þetta gæti sýnt fram á að strákar séu líklegri til að hafa ekki skoðun á prófum og að stúlkur séu líklegri til að vera á móti próftöku. Úrtakið er aftur á móti hins vegar of lítið til þess að sýna fram á einhverja réttmæta fylgni.

Fleiri sem voru í tónlistarnámi utan skóla voru á móti prófum heldur en þeir sem voru það ekki. Einnig voru fleiri sem voru í tónlistarnámi utan skóla hlutlaus gagnvart prófi heldur en þeir sem voru það ekki. Það voru einungis einstaklingar sem voru ekki í tónlistarnámi utan skóla sem voru fylgjandi því að hafa próf í tónmenntakennslu. Þetta sýnir fram á möguleika þess að þeir sem hafa verið í tónlistarnámi utan skóla séu líklegri til þess að vera á móti prófum. Úrtakið er eins og áður segir of lítið til þess að þess að sýna fram á einhverja réttmæta fylgni.

Það vakti athygli svar eins nemanda við spurningunni um hvað mætti bæta. Hann sagðist vilja fá fleiri tíma í tónmennt en það bendir til þess að áhersla á tónmennt á efsta stigi sé ekki nægileg.

Einnig stóðu viðbrögð nemenda upp úr þegar þeir voru spurðir hvað þeir myndu vilja gera öðruvísi í tónmenntakennslu sinni. Það að Þorsteinn hafi talað um að vilja fá meiri tíma gæti þýtt svo margt. Það má velta fyrir sér hvort það sé verið að mæta þörfum nemenda nægilega vel til að vera skapandi í skóla. Það má einnig velta fyrir sér hvort unglingar hafi einfaldlega bara brennandi áhuga á tónlist og vilji fá að læra meira um tónlist í skólanum. Áhugavert var að heyra nemendur tala um að nútímavæða þyrfti tónmenntakennsluna. Nemendur voru sammála því að það ætti að kenna meira um tónlist sem væri í gangi í dag, þar sem það væri tónlistin sem þau hlustuðu á. Það má færa rök fyrir því að þetta endurspeglast að einhverju leyti í rannsókn Ho, sem sýndi fram á að kínverskir nemendur höfðu meiri áhuga á vinsællia vestrænni tónlist heldur en hefðbundinni kínverskri tónlist (Ho, 2017).

Þetta fær mann til að velta fyrir sér hvað hlutverk tónmenntakennarans er í raun og veru. Það er kannski ekki nóg að vera einungis fróður um kennsluhætti í tónmennt og um gamla tónlist, heldur líka um hvernig tónlist hefur þróast í gegnum tíðina og hvernig hún er að

þróast í nútímanum. Út frá þessum athugasemdum nemendanna mætti færa rök fyrir því að tónmenntakennarar ættu einnig að leggja áherslu á að kynna sér að einhverju leyti tónlistarnýjungar og kenna þá nemendum sínum um tónlistina sem er í gangi í dag. Kennarinn gæti jafnvel spurt nemendur í upphafi hvers námsárs hvers konar tónlist þeir hlusta á, tekið tónlistarsmekk hvers nemanda til greina og útbúið eitthvað námsefni í tónmennt út frá því hvaða tónlist hann hlustar á.

5. Samantekt

Tónlist er mikilvægur þáttur í lífi allra einstaklinga. Þetta kom fram ekki síst í þessum viðtölum. Við getum þó gert betur þegar kemur að tónmenntakennslu á unglíngastigi. Það þyrfti helst að hugsa út í hvernig vinna eigi að því að koma tónmennt inn í alla skóla landsins og hvernig eigi að gera hana sem besta fyrir elstu nemendur grunnskólans. Tónmenntakennarar þyrftu jafnvel að hafa í huga að þeir eiga ekki einungis að vera fagmenn í kennsluháttum í tónmennt, heldur eiga að vera fagmenn um tónlist sem listgrein og vera reiðubúnir að kynna sér nýjungar í tónlist og tónsköpun jafnóðum. Að lokum vil ég leggja áherslu á það sem einn nemendanna sagði í viðtalinu:

„Við lærum eiginlega bara um gamla tónlist, sem er alveg allt í lagi og allt það, en mér finnst að það mætti kenna okkur um tónlistina sem er í gangi í dag. Við hlustum eiginlega öll á nýja tónlist, en við lærum samt eiginlega ekkert um tónlistina sem við hlustum á.“

Heimildaskrá

Álfheiður Þorhallsdóttir. 2007. *Tónlist sem þroskaleið : tónlistarlegt uppeldi byggt á kenningum Christensen og Gøssel*. Námsritgerð til B.Ed. gráðu á grunnskólabraut. Kennaraháskóli Íslands, Reykjavík.

Ásta Björg Björgvinsdóttir og Katrín Pálsdóttir. 2009. *Maður er ekkert svona jeij en ekki heldur svona nó : viðhorf nemenda í 6. bekk til tónmenntar*. Námsritgerð til B.Ed. gráðu í grunnskólakennarafræði. Háskóli Íslands, Reykjavík.

Bowles, C. L. (1998). Music Activity Preferences of Elementary Students. *Journal of Research in Music Education*, 46(2), 193-207.

Flosi Einarsson. 2015. *Tónlistarval í 8.-10. bekk : samstarfsverkefni grunnskólanna og Tónlistarskólans á Akranesi*. Námsritgerð til M.Ed. gráðu í grunnskólakennarafræði. Háskóli Íslands, Reykjavík.

Helga Rut Guðmundsdóttir. 2008. Útbreiðsla tónmenntakennslu, aðstæður og viðhorf – Viðtöl við skólastjóra og tónmenntakennara í íslenskum grunnskólum. *Tímarit um menntarannsóknir* 5:63-76.

Ho, W. (2017). Secondary school students' preferences for popular music and perceptions of popular music learned in school music education in Mainland China. *Research Studies in Music Education*, 39(1), 19-37. Sótt af <http://journals.sagepub.com/doi/pdf/10.1177/1321103X17700688>

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. 2013. Aðalnámsrá Grunnskóla. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavík.

Pogonowski, L. M. (1985). Attitude Assessment of Upper Elementary Students in a Process-Oriented Music Curriculum. *Journal of Research in Music Education*, 33(4), 247-257.

Scheib, J. (2006). Lindy's Story: One Student's Experience in Middle School Band. *Music Educators Journal*, 92(5), 32-36. Sótt af <http://www.jstor.org/stable/3878499>

Silvey, Philip E. (2005). Learning to Perform Benjamin Britten's *Rejoice in the Lamb* - *The Perspectives of Three High School Choral Singers*. Sótt af <http://journals.sagepub.com/doi/abs/10.1177/002242940505300202>

Teklos, P. (2011). *An Investigation into Pupils' Attitudes towards Secondary Music Education in Cyprus* (Master's thesis, University of Hull). Hull: University of Hull.

Þórunn Björnsdóttir. 2001. *Verður tónmennt úthýst úr grunnskólum landsins?* Sótt af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/585594/>